

Verkefnaskrá landsteymis Nordic Smart Government

Eftirfarandi eru verkefni sem vinna þarf á Íslandi til að raungera sýn Nordic Smart Government (NSG). Verkefnaskráin var unnin af íslenska landsteyminu í tengslum við þriðja áfanga NSG. Sum verkefnanna eru þegar í undirbúningi eða framkvæmd. Verkefni á hugmyndastigi er mikilvægt að ræða við þá aðila sem starfsemi sinnar vegna ættu að fjármagna og leiða þau. Verkefnalistinn er ekki tæmandi og því mikilvægt að uppfæra hann reglulega, með hliðsjón af stefnumótun og áætlanagerð um stafræna þróun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum.

Verkefni	Meginmarkmið	Áætlaður kostnaður	Ábyrgð	Æskileg verkefnislok	Staða/athugasemdir	
Lykilvædd 1: Stafræn viðskiptaskjöl Lítil og meðalstór fyrirtæki noti stafræn viðskiptaskjöl	Ísland verði aðili að OpenPeppol	Gerir Íslandi kleift að hafa áhrif á þróun stafrænna viðskiptaskjala	ISK 1.600.000/ári €10.000/ári*	Fjársýsla ríkisins	2020	Verkefnið er hafið hjá Fjársýslunni.
	Tollskeyti á XML sniði (í stað EDI)	Styðja við upptöku stafrænna viðskiptaskjala	ISK 15.000.000 €94.000*	Skatturinn - Tæknisvið	2021	Greining varðandi útfærslu á XML skeytum í tollakerfinu í vinnslu.
	Skeyti fyrir dagvörumarkaðinn á XML sniði (í stað EDI)	Styðja við upptöku stafrænna viðskiptaskjala	ISK 9.500.000 €60.000*	ICEPRO og Staðlaráð Íslands	2021	Í vinnslu en verkefnið hefur aðeins verið fjármagnað að hluta (5 mkr. frá Fjármála- og efnahagsráðuneyti). Fjármagna þarf það að fullu á árinu 2020.
	Útbúa stílsnið fyrir EN16931 rafrænan reikning	Styðja við upptöku stafrænna viðskiptaskjala	ISK 1.000.000 €6.300*	Staðlaráð (Fagstaðlaráð í upplýsingatækni)	2021	Útbúa þarf eitt ríkisstílsnið sem passar EN16931 rafrænum reikning.
	Kostun á aðgengi að tækniforskrift EN16931	Styðja við upptöku stafrænna viðskiptaskjala	ISK 850.000 €5.300*	Staðlaráð	2020	Til að gera öllum kleift að nálgast tækniforskrift og önnur stoðskjöl rafræns reiknings fyrir kr. 2.000 þarf að kosta aðgengið á vef Staðlaráðs.
	Setja upp stoðferla vegna viðhalds stafrænna viðskiptaskjala	Styðja við upptöku stafrænna viðskiptaskjala	ISK 3.000.000 €18.800*	Staðlaráð (Fagstaðlaráð í upplýsingatækni)	2021	Fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur samþykkt að fagstaðlaráð í upplýsingatækni sé besti aðilinn til að sjá um framtíðar uppfærslur á stöðlum fyrir viðskiptaskeyti. Greina þarf þá vinnu. Áætlaður kostnaður verkefnisins er 1,5 mkr.
	Samráðshópur helstu hagaðila um upptöku stafrænna viðskiptaskjala	Styðja við upptöku stafrænna viðskiptaskjala		ICEPRO	2021	Þá er reiknað með 1,5 mkr. í rekstrarkostnað á fyrsta ári. Peppol uppfærir sína staðla á 6 mánaða fresti. Ísland þarf að fylgja því eftir og yfirfara þær breytingar sem gerðar eru. Þetta þarf að framkvæma með aðkomu FUT, Staðlaráðs og hagsmunaaðila. Fjármagna þarf svo til framtíðar rekstur við viðhald viðskiptaskeyta.
	Fræðsla um upptöku stafrænna viðskiptaskjala	Styðja við upptöku stafrænna viðskiptaskjala		ICEPRO	2021	Ræða við ICEPRO og Samtök atvinnulífsins (Litla Ísland).
	Könnun meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja	Styðja við upptöku stafrænna viðskiptaskjala	ISK 1.500.000	Skatturinn - Landsteymi NSG 4.0	2021	Endurtaka könnun frá 2020 til að mæla árangur aðgerða einkum viðhorf til stafrænna viðskiptaskjala og upptöku/útbreiðslu þeirra.
	Lykilvædd 2: Aðgengi að færslum (API) Lítil og meðalstór fyrirtæki noti viðskiptakerfi með opnum reikningsskilum					
Lykilvædd 3: Skýrslugjöf og greining Skýrslugjöf og söfnun gagna (tölfræði) einfölduð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki	Sjálfvirknivæðing virðisaukaskattsskila - rannsókn lokið	Fjárhagsupplýsingar aðgengilegar nær rauntíma		Skatturinn	2023	Rannsókn unnin í samstarfi Noræna skattýfirvalda.
	PSD2 vefþjónusta	Einfölduð gagnaskil og greiðslur		Skatturinn - Tæknisvið		Hugmyndin er að leyfa notendum að greiða staðgreiðslu og virðisaukaskatt um leið og þeir skila skilgreinum og skýrslum á þjónustusíðu Skattsins. Í skoðun í tengslum við vinnu hjá Fjársýslunni.
	Einfalt aðgengi að gögnum úr fyrirtækjaskrá	Almennur aðgangur að gögnum		Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	2023	Hugmyndin er að fyrirtæki geti kannað áreiðanleika viðskiptafélaga með gögnum frá t.d. fyrirtækjaskrá.
	Staðlaður bókhaldslykill skilgreindur og innleiddur	Stöðlun - einfölduð gagnaskil		Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	2023	Ísland hefur ekki tekið upp staðlaðan bókhaldslykil eins og hin Norðurlöndin.
Lykilvædd 4: Reglufylgni Lítil og meðalstór fyrirtæki eru stafræn frá stofnun (með bókhaldskerfi), auðveldað að fylgja lögum og reglum (reglufylgni) og að nálgast upplýsingar um fyrirtæki sem þau eiga í viðskiptum við.	Endurskoðun laga og reglugerða	Lagaumhverfið styður við stafræn viðskiptaskjöl		Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	2023	
Lykilvædd 5: Öryggi	Upplýsingaþjónusta fyrir fyrirtæki um fyrirtæki	Traust á milli viðskiptaaðila - aukið traust á markaði		Skatturinn	2023	Á eftir að ræða innan stofnunar.
Lykilvædd 6: Stjórnunarhættir	Samráðshópur stofnaður	Verklag fyrirtækja í tengslum við rafræna reikninga sé í samræmi við lög, reglugerðir og kröfur Skattsins.		Skatturinn - Fagráð	2020	Í samstarfi við Fjársýsluna og lykil hagaðila.
	Þátttaka í NSG 4.0 á árinu 2021	Raungera framtíðarsýn Nordic Smart Government	ISK 15.000.000 €94.000*	Skatturinn - Landsteymi NSG 4.0	2021	Áætlað að NSG 4.0 hefjist í janúar 2021.
	Tæknilegur vegvisir og greiningar á fjárfestingarverkefnum (endurskoðun tæknistefnu stofnana)	Stöðlun		Fjármála- og efnahagsráðuneyti	2021	Verkefnið er hafið hjá ráðuneytinu.

*Gengi: 1EUR = 160ISK